

Stjórnarfundur í Félagi prófessora við ríkisháskóla

2. fundur stjórnar 2022-2023, þriðjudaginn 28. júní 2022

Mætt voru: Pétur Henry Petersen, Engilbert Sigurðsson, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eyþórsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason. Hólmfríður Garðarsdóttir boðaði forföll. Kristín Færseth ritaði fundargerð.

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 15.00.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Blönduð rými. Daði Már Kristófersson er gestur – staða mála.
2. Fundargerð 1. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar.
3. Fundur í Kaupmannahöfn.
4. Önnur félög.
 - Beiðni frá HR.
 - Samvinna almennt.
5. Haustið.
 - Klára að skipa kjaranefnd – aðstoð frá BHM.
 - Háskólaþing?
 - Starfsþróunarsjóður prófessora.
 - Yfirvinna.
6. Aðalfundur BHM.
7. Fundað með BHM, útskrift HÍ
8. Stefna vegna greiðslu rannsóknarstyrks.
9. Önnur mál.

1. Blönduð rými, Daði Már Kristófersson er gestur – staða mála

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur gefið út stefnu um áherslur og viðmið í húsnæðismálum stofnana ríkisins. Samhliða því hefur Framkvæmdasýsla ríkisins gefið út leiðbeiningaritið „Viðmið um vinnuumhverfi“ – leiðbeiningar um þróun húsnæðis og starfsaðstöðu ríkisaðila. Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur gagnrýnt þessa stefnu og lýst yfir óánægju sinni með þessa framtíðarskipan stjórnvalda á vinnuumhverfi, einkum opin rými. Félagið telur sjálfstæði Háskóla Íslands gagnvart stjórnvöldum vera í húfi og vill að skólinn spyrni við fótum. Í mars sl. sendi félagsfundur FPR frá sér ályktun um þetta mál þar sem gerð er krafa til þess að háskólayfirvöld séu málsvari akademískra starfsmanna í þessum efnun gagnvart stjórnvöldum.

Þar sem þetta mál brennur á mörgum félagsmönnum var Daða Má Kristóferssyni prófessor og stjórnarformanni félagsins *Fasteignir Háskóla Íslands ehf.* boðið á þennan stjórnarfund, m.a. til þess að fá upplýsingar um stöðu þessa máls og möguleika á að hafa áhrif á þróun vinnuumhverfis til framtíðar. Daði Már segir frá aðdraganda þessa máls. Fasteignir skólans hafa verið færðar í fasteignafélag sem fær það hlutverk að fara með eignarhald og umsýslu á þeim fasteigunum sen nýttar eru í þágu Háskólans. *Fasteignir* leigir aðstöðuna gegn endurgjaldi eða raunkostnaði. Daði Már segir jafnframt að fasteignir Háskólans séu að fullu í eigu Fjármálaráðuneytisins og lúti reglum um opinberar framkvæmdir, þar með talið

viðmiðum um vinnuumhverfi. Þetta á bæði við um fasteignir Háskóla Íslands og Landspítalans, sem og fasteignir ríkisins almennt. Daði Már segir að allar meiriháttar breytingar á húsnæði HÍ eftir byggingu á húsi íslenskra fræða verði að lúta reglum eða viðmiðum Fjármálaráðuneytisins. Stjórnin beindi nú ýmsum spurningum til Daða Márs, m.a. hvort HÍ geti farið fram á að hafa ákveðinn sveigjanleika eins og einstaklingsrými í húsnæði sínu. Daði Már segir skólann þurfa að fara að fyrrgreindum viðmiðum en segir þarfagreiningu sviða, til þess að leggja áherslu á starfsemi Háskólans, gæti komið að gagni ef breyta á viðmiðum stjórnvalda um nýtingu húsnæðis. Lausnin verður samt sem áður að rýmast innan viðmiðs eftir þarfagreiningu. Þá kom fram að þarfagreining muni fara fram á hluta Heilbrigðisvísindasviðs og Menntavísindasviðs í haust. Sú þarfagreining verður framkvæmd af hollensku fyrirtæki. Í undirbúningi er að gera sjálfstæða þarfagreiningu innan Menntavísindasviðs. Ákveðið að rýna þarfagreiningu Hollendinganna.

2. Fundargerð 1. stjórnarfundar 2022-2023 lögð fram til samþykktar

Farið var yfir fundargerð 1. stjórnarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

3. Fundur í Kaupmannahöfn

Formaður sagði í stuttu máli frá dagskrá norræna fundarins í Kaupmannahöfn. Minnipunktur eru í vegfátt. Á fundinum kynna löndin það sem efst er á baugi hverju sinni. Akadémískt frelsi var ofarlega á dagskrá eins og svo oft áður og sendi fundurinn frá sér ályktun um akademískt frelsi og áskorun til háskólayfirvalda að tryggja faglegt og akademískt frelsi til framtíðar. Rætt var um mikilvægi þess að vera þátttakendur í norrænu samstarfi. Næsti fundur er á Íslandi.

4. Önnur félög

Síðast liðið haust barst fyrirspurn frá Eyþóri Þórhallssyni formanni Félags akademískra starfsmanna við Háskólann í Reykjavík (FAST) um upplýsingar um launamál og dreifingu launa hjá félagsmönnum FPR. Honum var bent á gögn þau sem liggja fyrir hjá Fjármála- og efnahagsráðuneyti. Nýlega hafði FAST aftur samband við félagið og spyr hvort möguleiki sé á frekara samstarfi um launaupplýsingar. Til dæmis óska þeir eftir upplýsingum um grunnlaunaflokka og fjölda stöðugilda í hverjum launaflokki, skipt eftir kyni. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá þessu máli að því gefnu að HR reiði fram sambærilegar upplýsingar. Þessu tengt sagðist formaður FPR hafa verið í sambandi við formann Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) til að ræða viðhorf þeirra til fyrsta dagskrárliðs þessa fundar.

5. Haustið

Formaður telur mikilvægt að tengja fyrrverandi stjórn FPR við komandi kjaraviðræður og hefur af því tilefni rætt við Þórólf Matthíasson, prófessor í hagfræði og fyrrverandi varaformann FPR og óskað eftir að fá að leita til hans. Þórólfur tók jákvætt í þá málaleitan. Skipunartími fulltrúa FPR á háskólaþingi er frá 1. júlí 2022 – 30. júní 2024. Formaður félagsins býður sig fram til setu á háskólaþingi og stingur upp á Hólmfríði Garðarsdóttur sem varamanni sínum. Þetta var samþykkt með þeim fyrirvara að Hólmfríður samþykki þetta. Þá var starf Starfsþróunarsjóðs prófessora kynnt og málefni sjóðsins rædd. Rætt var hvort ekki er hægt að veita styrki áður en ferð er hafin þar sem sjóðurinn hefur til þessa aðeins veitt styrki að ferðum loknum. Almennt virðist þetta vera vandamál þ.e. að starfsfólk leggur fram fé og bíður endurgreiðslu þ.e. lánar skólunum fé. Undir þessum dagskrárlið var að lokum rætt um að misjafnt er hvernig staðið er að greiðslu á yfirvinnu á sviðum Háskóla Íslands. Ákveðið að taka þetta mál upp eftir sumarleyfi starfsmanna.

6. Aðalfundur BHM

Formaður FPR sat aðalfund BHM í lok maí. Kolbrún Halldórsdóttir var kjörinn nýr varaformaður. Ný stefna bandalagsins var samþykkt ásamt breytingar á lögum félagsins og breytingar á aðildargjöldum voru samþykktar..

7. Fundað með BHM, útskrift

Formaður félagsins fundaði með formanni og framkvæmdastjóra BHM almennt og þar kom fram að félagið hefur aðgang að fé sem eyrnamerkt er kjararannsókn. Fundað verður með Félagi háskólakennara um sameiginlega kjararannsókn. Formaður lýsti í stuttu máli útskrift HÍ 2022.

8. Stefna vegna greiðslu rannsóknarstyrks

Erindi barst frá félagsmanni vegna notkunar annara en styrkþega og flutnings á rannsóknarstyrk. Ákveðið að bíða með erindið til haustsins.

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.